

Dómsorð:

Stefndu, Benedikt Andrésón, Guðmundur Andrésón og Helgi Símonarson, greiði stefnanda, Kristjáni Gústafssyni, kr. 3.000.000 með 8% ársvöxtum frá 1. júní 1973 til 1. júní 1974, með 1½% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 270.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1977.

Nr. 220/1974. **Nói Jónsson, eigandi Vindáss, og Kjartan Nóason og Þráinn Nóason, eigendur Setbergs,**
(Aagnar Gústafsson hrl.)
gegn
Arnóri Kristjánssyni, eiganda Eiðis
(Jóhann H. Nielsson hrl.).

Landamerkjámál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Eru dómkröfur áfrýjanda Nóa Jónssonar fyrir Hæstarétti þær, að „landamerki jarðanna Vindáss og Eiðis í Eyrarsveit verði ákveðin línan $A_2 - B_2$, þar til línan sker landamerkjalinu Vindáss og Setbergs, sbr. uppdrátt Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings frá júlí—ágúst 1976“. Dómkröfur áfrýjenda Kjartans og Þráins eru þær, að „landamerki jarðanna Setbergs og Eiðis verði ákveðin línan $A_2 - B_2$ frá því hún sker landamerkjalinu Vindáss og Setbergs og fram-

hald þeirrar línu $A_2 - B_2$ upp á hábrún Bergsháls“, sbr. áður- nefndan uppdrátt. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls- kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Viðtæk gagnaöflun hefur farið fram eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Meðal nýrra gagna eru skjöl um eignar- heimildir fyrir jörðunum Setbergi, Vindási og Eiði, örnefna- lýsingar fyrir jarðir þessar, taldar gerðar um 1933 af Þor- leifi Jóhannessyni, og uppdrættir, gerðir af Ragnari Árna- syni mælingaverkfræðingi.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var í héraði lögð fram loftljósmynd af þrætusvæðinu, og mörkuðu málsaðiljar á hana línur, er sýndu kröfur þeirra hvers um sig. Ragnar Arnason hefur, eftir að héraðsdómur gekk, markað á upp- drátt kröfulínur málsaðilja í héraði og fyrir Hæstarétti svo og óumdeild landamerki Vindáss og Setbergs.

Gagnaöflun fyrir landamerkjadómi var áfátt og kröfur áfrýjenda hvarflandi. Eigi virðast aðiljar eða dómendur hafa gert sér ljósa grein fyrir, hvar landamerki Setbergs og Vind- áss voru, því að lína sú, sem áfrýjendur Kjartan og Þráinn kröfðust viðurkenningar á sem landamerkjalinu milli Set- bergs og Eiðis, getur samkvæmt uppdrætti Ragnars Árna- sonar aðeins varðað landamerki Vindáss og Eiðis. Þeir gerðu því engar kröfur í héraði um landamerki jarðar sinnar, Set- bergs, og Eiðis.

Samkvæmt gögnum máls liggja lönd Setbergs og Eiðis saman á Bergshálsi, og eru aðiljar ekki sammála um merki þar. Kröfur stefnda fyrir landamerkjadómi svo og fyrir Hæstarétti eru þó aðeins um ákvörðun landamerkja til norð- urs „upp í Bergsháls“.

Landamerkjadómurinn hefur í dómi sínum kveðið á um landamerki frá Nónsteinum til suðurs „beint á fjall upp“, en enginn ágreiningur er um merki þar.

Dómurinn hefur eigi ákveðið landamerki Setbergs og Eiðis lengra til norðurs en „upp Bergsháls“, en það er óljóst greinimark. Það leiðir hins vegar af meginreglum II. kafla

laga nr. 41/1919, að greiða bar til hlítar úr landamerkja-ágreiningi aðilja í máli þessu.

Vegna framangreindra annmarka á málsmeðferð verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

27. ágúst 1974.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er tekið til landamerkjadómsmeðferðar samkvæmt beiðni Nóa Jónssonar, ábúanda á Vindási, sem er ríkisjörð, og Þráins og Kjartans Nóasona, eigenda Setbergs, til ákvörðunar og dóms um landamerki milli jarðanna Setbergs og Vindáss annars vegar og Eiðis hins vegar. Eigandi og ábúandi þeirrar jarðar er Arnór Kristjánsson. Allar jarðirnar eru í Eyrarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Í landamerkjaskrá segir svo um landamerki framangreindra jarða:

„V Setberg

með hjáleigum: Stekkjartröð og Vindási. . .

B. Landamerki milli Setbergs og Eiðis.

Svonefndur Kaldilækur, sem rennur undan Bergshálsi og í suður ofan í Eiðissund; frá honum sjónhending í Nónsteina og frá þeim beint á fjall upp. . .

Setbergi 10. júní 1885.

Jens V. Hjaltalín

prestur að Setbergi“.

Nói Jónsson telur landamerkin beina línu milli upptaka merkjalækjarins og Nónsteina og krefst þess, að landamerkin verði ákveðin þannig.

Þráinn Nóason og Kjartan Nóason krefjast þess, að merkjalækurinn ráði merkjum frá upptökum og niður í Eiðissund, en þaðan bein lína í Nónsteina.

Arnór Kristjánsson krefst þess, að merkjum ráði bein lína milli upptaka merkjalækjarins og Nónsteina og beint framhald þeirrar línu upp í Bergsháls.

Aðiljar krefjast ekki málskostnaðar.

II.

Landslagi á deilusvæðinu er svo háttáð, að milli Kolgrafarfjarðar og Grundarfjarðar liggur lágt eiði, en beggja vegna við það rísa allhá fjöll, Lambahnúkur að sunnan og Klakkur að norðan. Neðanundir Klakk, en ofan við eiðið, er allangur fjallsrani, sem kallast Bergsháls. Neðan við Bergsháls og niður að eiðinu er aflíðandi hlíð, sundurskorin af giljum, og er landsvæði þetta kallað Bringur. Margir lækjarfarvegir liggja niður Bringur, en við vettvangsskoðun í dag voru þeir allir þurrir nema einn.

III.

Enginn ágreiningur er milli málsaðilja um örnefnin Bergsháls og Nónsteina. Hins vegar greinir þá á um örnefnin Kaldalæk og Eiðissund. Sóknaraðiljar (Nói Jónsson, Þráinn og Kjartan Nóasynir) halda því fram, að þrír lækir í Bringum beri nafnið Kaldilækur og sé merkjalækurinn innsti lækurinn af þeim þremur. Varnaraðili (Arnór Kristjánsson) heldur því fram, að einungis einn lækur beri nafnið Kaldilækur og sé hann merkjalækurinn. Lækur þessi er sá í miðið af ofangreindum þremur lækjum og sá eini, sem vatn rann í, þegar vettvangsganga fór fram.

Sóknaraðiljar halda því fram, að Eiðissund séu austast á eiðinu, milli Torfholts og Eiðisvatns, sem er lón eða hóp með samgang við sjó í Kolgrafarfirði. Varnaraðili heldur því aftur á móti fram, að Eiðissund séu sá hluti eiðisins, þar sem mjóst er milli hlíðanna báðum megin, og er það allgóðan spöl frá sjó. Land er þarna allt mýrlent. Lækur rennur austur eftir eiðinu og í Eiðisvatn, kallaður Sundalækur.

IV.

Sóknaraðiljar rökstyðja kröfur sínar með því, að einungis einn lækur renni undan Bergshálsi og hljóti hann því að vera merkjalækurinn, enda renni hann til suðurs niður í Eiðissund. Hins vegar renni fjórir lækir undan Bringum og einn af þeim vilji

varnaraðili nota sem merkjalæk. Hann geti þó ekki verið merkjalækurinn, því að frá upptökum hans upp að Bergshálsi séu 400 metrar, hann renni ekki til suðurs, heldur suðvesturs, og hann renni ekki niður í Eiðissund, heldur niður í hið svokallaða Garðshornsengi. Enn fremur telja þeir óhugsandi, að jafnaðgættinn maður og Jens V. Hjaltalín, prestur að Setbergi, var hefði skilið eftir 400 metra af landamerkjalinu milli Bergsháls og Nónsteina, án þess að þeirra væri að nokkru getið, þegar hann lét skrá landamerki jarðanna.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar með því, að Kaldilækur, þ. e. merkjalækurinn, sem hann miði við, sé einmitt sá lækurinn, sem vatn var í við vettvangsskoðun í dag, enda renni hann til suðurs niður í Eiðissund og dreifist þar, uns hann falli saman við Sundalækinn, sem renni niður í Eiðisvatn.

V.

Tvö vitni komu fyrir dóm í málinu.

Sigurbjörn Kristjánsson, Reitarvegi 4, Stykkishólmi, 75 ára gamall, er fæddur á Eiði og bjó þar til 22ja ára aldurs. Hann segir, að Kaldilækur sá, sem landamerkin eru miðuð við, eigi upptök sín austan við Kaldalækjarholt, vestan við Bringur, og renni hann niður góðan spöl vestan við Torfholt, uns hann sameinist Sundalæknum. Hann segir, að lækur þessi renni í beina stefnu á Nónsteina. Hann kannast ekki við, að fleiri lækir þarna kallist „Kaldilækur“. Austar sé lækur, sem kallist Djúpilækur og Skriðulækur, þegar hann kemur niður á jafnsléttu, og renni hann heim undir tún á Eiði. Sigurbjörn segir, að Kaldilækur þorni aldrei, en Djúpilækur þorni í þurrkum og hann hafi verið vatnslaus í dag. Eiðissund segir þetta vitni, að liggi frá Torfholti og vestur í „mjóddina“. Þá segir vitnið, að Bringur byrji að vestanverðu, austan við Kaldalæk, og nái austur að Djúpadalsholti, og Kaldalæk telur vitnið renna undan Bergshálsi.

Gunnar Stefánsson, Eyrarvegi 3, Grundarfirði, 70 ára að aldri, bjó á Eiði frá árinu 1928—1960. Hann segir, að margir lækir renni niður Bringur, en aðeins einn hafi nafnið Kaldilækur. Sá lækur þorni aldrei, en aðrir lækir séu mestir í leysingum og vatnavöxtum, en þorni á milli. Hann segir, að lækir þessir stefni allir að einum punkti, því að þeir renni allir í Eiðisvatn. Þá segir hann, að Bringur að vestan byrji austan við Kaldalæk. Holtin þar fyrir vestan séu kölluð Vindásholt eða Setbergsholt. Hann telur Kaldalæk koma upp vestan við eða vestan til í Bergshálsi.

VI.

Þau atriði, sem taka þarf afstöðu til í þessu máli, eru fyrst og fremst þau, hvaða lækur sé Kaldilækur sá, sem átt er við í landamerkjaskrá jarðanna, og hvar séu Eiðissund. Málsaðiljar eru sammála um, hvar séu Nónsteinar og hvar sé Bergsháls. Lögð hefur verið fram loftljósmynd af deilusvæðinu, og hafa málsaðiljar dregið á hana línur, sem sýna kröfur þeirra hvers um sig. Sóknaraðili Nói Jónsson telur merkin vera beina línu milli punkta B og A_2 (Nónsteinar), sóknaraðiljar Þráinn og Kjartan Nóasynir milli punktanna C og A_2 og varnaraðili Arnór Kristjánsson milli punkta A_1 og A_2 .

Eftir að hafa farið á vettvang og kannað staðhætti og með tilliti til vitnaframburða og annarra atriða, sem fram hafa komið í málinu, eru dómendurnir sammála um, að Kaldilækur sá, sem talað er um í landamerkjaskrá jarðanna, sé sá lækur, sem vatn var í við vettvangsgönguna í dag, þ. e. lækur sá, sem varnaraðili heldur fram, að sé merkjalækurinn, og er það þá miðlækurinn af þeim þremur, sem sóknaraðiljar halda fram, að beri heitið Kaldilækur. Dómendurnir eru einnig sammála um, að merkin beri að miða við upptök lækjarins.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða dómsins sú, að landamerki milli Setbergs og Vindáss annars vegar og Eiðis hins vegar skuli vera bein lína frá upptökum Kaldalækjar í Nónsteina (lína A_1 – A_2 á loftljósmynd) og þaðan sjónhending beint á fjall upp. Frá sömu upptökum (Kaldalækjar) skulu merkin vera í beinni áframhaldandi línu (Nónsteinar—Kaldilækur) upp Bergsháls.

Málskostnaðar er ekki krafist og verður því ekki dæmdur.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Erlendi Halldórssyni oddvita, Dal, Miklaholtshreppi, og Símoni Sigurmonssyni bónda, Ytri-Görðum, Staðarsveit.

D ó m s o r ð :

Landamerki milli Setbergs og Vindáss annars vegar og Eiðis hins vegar skulu vera bein lína frá upptökum Kaldalækjar í Nónsteina og þaðan sjónhending beint á fjall upp. Frá sömu upptökum (Kaldalækjar) skulu merkin vera í beinni áframhaldandi línu (Nónsteinar—Kaldilækur) upp Bergsháls.
